

# GJALDSKRÁ

## um sorphirðu í Rangárþingi eystra árið 2003.

### 1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphörgunar- og sorphirðugjald) fyrir árið 2003.

### 2. gr.

Á íbúðarhús, sumarhús, öll fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skal sveitarstjórn skipa í flokka m.a. eftir áætluðu magni úrgangs.

Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

|            |                                                         |                                     |
|------------|---------------------------------------------------------|-------------------------------------|
| 1. flokkur | Sorphreinsunargjald                                     | kr. 9.400 á íbúð/m.v. 1 poka á viku |
| 2. flokkur | Sorpeyðingargjald í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki | kr. 4.700                           |
| 3. flokkur | Sorpeyðingargjald, sumarhús                             | kr. 3.300                           |
| 4. flokkur | Fyrirtæki m.v. 1 pokagildi á viku (margfeldi í gámum)   | kr. 9.400                           |

### 3. gr.

Sorphirðugjald greiðist til sveitarsjóðs Rangárþings eystra og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

### 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Rangárþingi eystra, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og samþykkt af Heilbrigðisnefnd Suðurlands, er hér með staðfest í samræmi við 25. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, til þess að gilda fyrir árið 2003.

*F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra, 18. mars 2003.*

**Ágúst Ingi Ólafsson** sveitarstjóri.